

81. fundur háskólaráðs Háskólans á Hólum, 4. janúar 2022  
kl. 16:30-17:55 á Teams.

Fundinn sátu: Erla Björk Örnólfsdóttir, Guðrún Stefánsdóttir, Jón E. Friðriksson, Laufey K. Skúladóttir, Sveinn Margeirsson og Sigríður Sigurðardóttir, sem ritaði fundargjörð.  
Edda Matthíasdóttir, sviðsstjóri, MGR (Mannauðs, gæða og rekstrar), kom á fundinn í fyrsta dagskrárlið.

Dagskrá:

1. Rekstraráætlun 2022.
2. Frágangur auglýsingar um stöðu rektors.
3. Námsreglur HH.
4. Önnur mál.

Fundargerð síðasta fundar og dagskrá þessa fundar voru samþykkt.

Dagskrá fundar:

1. Vel miðar í gerð rekstraráætlunar. Edda Matthíasdóttir kynnti rekstraráætlun ársins 2022 sem er að verða tilbúin. Á fjárlögum 2021 voru 560 millj. kr til rekstursins en er 567 millj kr. fyrir árið 2022. Gert er ráð fyrir 4% almennri launahækkun og að heildarhækkun reksturs á milli ára verði um 6,5%. Heildarlaunakostnaður á árinu 2021 var 610 millj. kr. en áætlaður launakostnaður 2022 stefnir í um 650 millj. kr. Neikvæð niðurstaða ársins 2021 stefnir í 10-15 millj. kr. en gert var ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu upp á 8 millj. kr. Gert er ráð fyrir meiri kostnaði við verkefnavinnu, verkefnalok á árinu 2022 en var 2021. Haldist framlag ríkisins óbreytt má gera ráð fyrir kostnaðarskerðingum á árunum 2022 og 2023. Afgreiðsla rekstraráætlunar bíður næsta fundar.

Rektor greindi frá svörum við spurningu um ástæður lítillar hækkunar til skólans á fjárlögum á milli ára, sem send var Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Ástæðan var sögð sú að nemendafjöldi HH stæði í stað á meðan fjölgun væri hjá öðrum skólum og jafnframt að greiðslur kæmu til skólans eftir öðrum leiðum, þ.e. endurbótum á húsnæði.

2. Svo sem fram kom í síðustu fundargerð var áætlað að staða rektors yrði auglýst fyrir jól. Ýmsar ástæður urðu til að tefja þær áætlanir og þótti vænlegra að geyma að auglýsa til upphafs árs 2022 fremur en á milli jóla og nýárs. Auglýsingin er tilbúin.

Ákveðið var að fá utanaðkomandi aðila (ráðningarskrifstofu) til að sjá um að „markaðssetja“ rektorsstarfið og leiðsegja um bestu leiðir til að ná til umsækjenda. Eddu Matthíasdóttur og Erlu Björk Örnólfsdóttur var falið að ganga frá samningum um það.

3. Námsreglur HH hafa verið uppfærðar í samræmi við endurskoðað skipurit. Hlutverk og ábyrgð sviðs rannsókna, nýsköpunar og kennslu endurspeglast nú í þeim reglunum.
4. Önnur mál.
  - . Gert er ráð fyrir 120 millj. kr. til viðgerða á skólahúsinu á árinu 2022.
  - . Í liðnum *Kaup og leiga fasteigna* lið 4.24 í Fjárlögum ársins 2022 kemur fram heimild til að kaupa eða leigja húsnæði fyrir starfsemi Háskólans á Hólum. Háskólaráð fagnar heimildinni.
  - . Engin ástæða var nefnd fyrir 3 millj. kr. lækkun á lokaútgáfu Fjárlaga frá fyrri áætlun.